**140. löggjafarþing 2011–2012.**
**Þingskjal 190 — 186. mál.**

# Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um útdeilingu fjárframlaga frá erlendum aðilum.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

Hvernig er háttað útdeilingu 596 millj. kr. fjárframlaga frá erlendum aðilum, sbr. lið 17.2.1 í sundurliðun 1, Tekjur A-hluta, í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012: Styrkir frá Evrópusambandinu vegna aðildarumsóknar Íslands? Svarið óskast sundurliðað eftir:

a. ráðuneytum,
b. undirstofnunum innan ráðuneyta,
c. ferðum ráðherra á fundi Evrópusambandsins,
d. ferðum ráðuneytis- og skrifstofustjóra á fundi Evrópusambandsins,
e. ferðum annarra embættismanna, sundurliðað eftir undirstofnunum, á fundi Evrópusambandsins.

**Skriflegt svar óskast.**